

Viðhorf notenda raforkuspár

Inngangur

Fyrsta verk mitt þegar ég hóf störf hjá RARIK í nóvember 1976 var að vinna að gagnasöfnun fyrir Orkuspárnefnd (OSPN) sem þá var nýstofnuð (1. fundur var haldinn 9. febrúar 1976). Ég tók svo sæti í nefndinni þrem mánuðum seinna, í febrúar 1977, þegar nefndin var árgömul, en fyrsta opinbera spáin kom út árið 1977.

Um orkuspárnar og starfið í Orkuspárnefnd, og seinna í raforkuhópi nefndarinnar, í þessi 27 ár gæti ég haft langt mál, enda þurftu gögnin, tengd nefndarstarfinu, sem ég skilaði inn á bókasafn RARIK í fyrra á annan hillumetra.

En hér í dag er mér ætlað að hafa stutt mál en ekki langt, fjalla um eina af orkuspánum, raforkuspána, og þó aðallega út frá einum vinkli, það er sjónarhorni notenda raforkuspár.

Síbreytilegar aðstæður og aðferðir

Á starfstíma OSPN hafa aðstæður, ytri sem innri, breyst mjög mikið. Berum aðeins saman upphafsárin og nútímann. Skipulagsmál raforkugeirans voru þá með allt öðrum hætti en nú stefnir í og fyrirtækjum í þessum geira hefur fækkað um vel á annan tug. Markaðsvæðing raforku var árið 1977 alveg óþekkt fyrirbrigði og hefði sjálfsagt flokkast undir brandara (sumir flokka hana reyndar enn þannig!). Árleg aukning raforkumarkaðar var margföld á við það sem nú er, fyrst og fremst vegna mikillar aukningar á rafhitamarkaði í kjölfar olíukreppunnar hinnar fyrri. Byggðalínan var í uppbyggingu með samtengingu markaða, en nú er raforkumarkaðurinn fyrir löngu orðin samtengd heild. Stóriðjumál voru á áttunda og níunda áratugnum umdeild líkt og nú, en með allt öðrum hætti. Umhverfismál voru þá ekki aðalatriðið, heldur spurningin um erlent eignarhald og almennt um réttmæti þess að fara þessa leið við uppbyggingu atvinnulífs.

Segja má að aðstæður á því tímabili sem OSPN hefur starfað hafi verið síbreytilegar og við höfum bæði upplifað skort og offramboð af orku. Aðferðafræðin í spástarfinu hefur líka tekið miklum breytingum. Þegar við tölum um orkuspárnar erum við því ekki að tala um staðnaða eða úrelta hluti, heldur starf sem þróast hefur á löngum tíma.

Notagildi raforkuspáa

Kerfisuppbygging

Notagildi raforkuspár til að ákvarða tímasetningu í áætlunum um uppbyggingu raforkukerfisins er býsna mikið, að minnsta kosti hjá RARIK. Þó spár séu ekki í raun gerðar fyrir minni einingar en landshluta höfum við hjá RARIK líka nýtt spána fyrir minni svæði og til að skoða þróun fyrir staðbundna kerfishluta. Þetta gerum við með því að halda utan um mikla sundurgreiningu á raforkusölunni eftir afmörkuðum kerfishlutum og þegar spáin liggur fyrir er hún notuð til framreiknings á orkuflæði um kerfishlutann. Spáin nýtist því beint við áætlanagerð og forgangsröðun verkefna.

Á fyrstu árunum eftir að spár OSPN fóru að koma út var aukning almenna raforkumarkaðarins mjög mikil og þó ölduganginn hafi lægt - og aukningin sé nú ekki nema brot af því sem áður var - er spáin enn mikilvægur þáttur í uppbyggingu kerfisins hjá RARIK. Hjá öðrum veitum en RARIK hygg ég að svipaða sögu sé að segja og að spáin hafi nýst þeim vel við áætlanir um kerfisuppbyggingu.

Virkjanir

Annar mikilvægur þáttur, og kannski sá mikilvægasti, er gagnsemi spánna við uppbyggingu virkjana í landinu. Þar hefur spáin að sjálfsögðu komið mjög við sögu og verið gagnleg fyrir Landsvirkjun sem allt fram undir þetta hefur verið ábyrg fyrir því að næg raforka sé til í landinu, en einnig fyrir aðra aðila sem virkjað hafa eða verið með slík áform í undirbúningi.

Viðhorf notenda raforkuspár

Félagslegur þáttur

Spáin var mikilvæg forsenda við útreikninga á svokölluðum félagslegum þætti hjá RARIK til að meta arðsemi kerfishluta eða kannski frekar meintan skort á þessari arðsemi. Útreikningar á félagslegum þætti hófust á sama tíma og fyrstu spánnar. Ef þessi opinbera spá hefði ekki verið til á þeim tíma hefði fyrirtækið óhjákvæmilega þurft sjálft að gera spá til að byggja útreikningana á.

Heildsöluviðskiptin

Í orkukaupum rafveitna frá Landsvirkjun eftir kerfisbreytinguna árið 1991 og allt fram á þennan dag hefur raforkuspáin haft hlutverki að gegna. Veitur áttu að tilkynna um kaup næstu 5 árin og spáin var yfirleitt notuð beint nema fyrir 1. árið. Spáin 1. árið var höfð til hliðsjónar en ekki notuð beint, bæði vegna meiri óvissu um það ár í spánni (spáin er í eðli sínu langtímaspá) og vegna eigin ályktana veitunnar sjálfrar þegar svo nálægt var komið í tíma. Hjá RARIK gekk spáin hreinlega um tíma beint inn í ákveðið reikniverk, ásamt rauntölum um eigin vinnslu, þegar árleg ákvörðun um kaup af Landsvirkjun var tekin. Í heildsölu RARIK til annarra veitna hefur spáin líka skipt miklu máli gegnum tíðina.

Markmiði náð

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja, án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt. (Einar Ben.).

Í bréfi Jakobs Björnssonar til rafveitna frá 9 janúar 1976 þar sem hann er að hvetja til þeirrar samvinnu sem í nefndinni fælist segir hann mjög aðkallandi að samræma orkuspár. Orkuspár voru að sjálfsgöðu gerðar fyrir stofnun nefndarinnar, en þar baukaði hver í sínu horni. Mér er minnisstætt að oft fyrstu árin var í nefndinni talað um þann létti sem væri af því að hafa nú eina opinbera orkuspá.

Í öðru bréfi Jakobs frá 25. febrúar 1976 þar sem hann tilkynnir um stofnun nefndarinnar og kallar eftir gögnum segir orðrétt:

Markmiðið með þessari áætlanagerð er að byggja það traustan orkuspárgrundvöll, að hægt sé að nota hann við ákvarðanatöku um aukningu raforkukerfisins, bæði byggingu raforkuvera og styrkingu og aukningu á dreifikerfinu.

Ég hygg að nefndin hafi náð þessu markmiði.

Hvað með framtíðina?

Framansagt leiðir mig fram til þeirrar ályktunar að þörf notenda raforkuspárinnar fyrir hana hafi verið síbreytileg – en alltaf verið fyrir hendi.

Nú þegar djúptækar skipulagsbreytingar eru framundan er eðlilegt að staldrað sé við og spurt um *þörfina* fyrir raforkuspár og jafnframt að því sé velt upp *hvernig* eigi að standa að gerð spár í nýju umhverfi og líka *hverjir* eigi þar að koma að verki.

Að mínu mati þarf ekki lengi að velta fyrir sér hvort halda eigi áfram að gera almennilega, opinbera, raforkuspá. Mér sýnist þörfin næsta augljós.

Að því gefnu að þörf sé á slíkri spá kemur upp spurningin hver á að sinna því verki. Ein leið gæti verið sú að fela Landsnetinu verkið, enda vandséð hvernig það fyrirtæki þrífist án þess að reyna að rýna vel í framtíðina. Önnur leið væri að Landsnetið og dreifiveiturnar, handhafar einkaleyfa til kerfisrekstrar, mynduðu nefnd sem tæki þetta að sér. Þriðja leiðin gæti verið að þessir aðilar ásamt Orkustofnun gerðu spána. Þá leið líst mér best á og þá sérstaklega ef byggt verður áfram á þeirri reynslu sem safnast hefur í sarpinn á undanförunum árum. Slíka leið mætti kalla áframhald starfsins á liðnum árum með lágmarks breytingum og aðlögum að nýjum lögum og breyttu starfsumhverfi.